

**Menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði á
Grenivíkurvegi**

Orri Vésteinsson

Fornleifastofnun Íslands

FS052-98081

Reykjavík 1998

Efni:

1. Inngangur	3
2. Um mat á umhverfisáhrifum á fornminjar	4
3. Fyrri athuganir og skráning.....	5
4. Fornleifar á fyrirhuguðu athafnasvæði.....	6
SP-063 Nollur	6
SP-027 Þorsteinsstaðir	7
SP-024 Laufás	9
SP-025 Miðgerði	16
SP-026 Borgargerði.....	17
5. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar	19
6. Tillaga um aðgerðir	24
7. Niðurlag.....	25
Heimildir.....	26

Viðauki : Kort af menningarminjum á og við fyrirhugað vegastæði

1. kafli. Inngangur

Fyrirhugað er að byggja upp Grenivíkurveg frá því á móts við Noll í Höfðahverfi og framhjá Laufási og leggja nýjan veg og byggja brú yfir Fnjóská við Hamarinn gegnt Borgargerði. Norðan Fnjóskár verður vegarstæðið fært niður á árbakkann við sporðinn á væntanlegri brú en þaðan mun vegurinn liggja í sveig til norðurs upp á núverandi vegarstæði skammt suðaustan við Ártún og sömuleiðis í sveig til suðurs upp á núverandi vegarstæði skammt norðvestan við Pálsgerði.

Í lok júlí 1998 fór Vegagerðin á Akureyri fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrrgreindu vegarstæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við ábúendur og aðra staðkunnuga á svæðinu. Gengið var eftir fyrirhuguðu vegarstæði og nágrenni þess kannað. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda. Við undirbúning vettvangsvinnu var stuðst við svæðisskráningu fornleifa í Grýtubakkahreppi sem FSÍ gerði 1996 og sá Birna Gunnarsdóttir um það verk. Vettvangsvinna var gerð dagana 30.-31. júlí og 3. og 8. ágúst 1998 af höfundi skýrslu þessarar og vill hann færa heimildamönnum á Nollu, Áshóli. Laufási og í Ártúni, starfsfólki Minjasafnsins á Akureyri og starfsmönnum Vegagerðarinnar á Akureyri fyrir margvíslega liðveislu.

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegur um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegur sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
 - b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
 - c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
 - d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
 - e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
 - f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
 - g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
 - h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
 - i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
- Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu

framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

3. kafli. Fyrri athuganir og skráning

Engin af fornleifakönnuðum 19. aldar virðist hafa gert rannsóknir á framkvæmdasvæðinu og mun fyrsta athugun á fornleifum í kringum Laufás hafa verið gerð er Héraðsnefnd Eyjafjarðar fól FSÍ að gera svæðisskráningu (heimildakönnun) um fornleifar m.a. í Grýtubakkahreppi 1996. Þá voru skráðar heimildir um 12 staði í landi Nollar, 7 staði í landi Þorsteinsstaða, 48 staði í landi Laufáss, 4 staði í landi Miðgerðis og 6 staði í landi Borgargerðis. Engar vettvangsathuganir voru gerðar í þessu sambandi og var því ekki vitað hvar þessir staðir væru nákvæmlega, t.d. miðað við fyrirhugað vegarstæði. Vettvangsathuganir voru gerðar vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda af Bjarna Einarssyni hjá Þjóðminjasafni Íslands 23.5.1997 og lýsti hann í skýrslu sinni garðlagi í landi Laufáss (=SP-024:026), hringlaga mannvirki á Ferjuhól í landi Borgargerðis (SP-026:004), álagabletti skammt frá hólnum (=SP-026:005), bæjarstæði Borgargerðis (SP-026:001) og Álfasteini skammt frá því (SP-026:003).²

Fyrir utan fornleifakönnun, sem hefur verið mjög takmörkuð á þessu svæði, hefur Hörður Ágústsson gert ítarlega rannsókn á gamla torfbænum í Laufási og á heimildum um sögu staðarins, þ.á.m. um útihús og aðrar byggingar, og hefur hann góðfúslega veitt höfundi leyfi til að styðjast við þau gögn í handriti.

Við vettvangsrannsókn 1998 bættust enn minjastaðir við á þessu svæði eins og fram kemur í næstu köflum í þessari skýrslu. Fyrir utan fornleifar í fyrirhuguðu vegarstæði og í næsta nágrenni þess voru í ágúst 1998 skráðar allar fornminjar í landi Laufáss í sambandi við deiliskipulag Laufásstaðar sem Guðrún Jónsdóttir arkitekt vannur að á vegum Prestsetrasjóðs og Grýtubakkahrepps.

² Bjarni F. Einarsson: *Álitsgerð um fornleifar*.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar við fyrirhugað vegarstæði Grenivíkurveggar frá bænum Nolli að Borgargerði og Miðgerði. Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-024:001). Í skránni eru allir þeir fornleifastaðir sem vitað er um innan við 100 m frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt : fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni FSÍ, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér er gefið yfirlit um menningarminjar í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

SP-063 Nollur, Grýtubakkahreppi

Nollur er gömul jörð, fyrst getið 1318. Varð eign Laufáskirkju á 15. öld.

Heimildamaður: Snæbjörn Björnsson f. 14.5.1917 á Nolli

SP-063:001 *Nollur* bæjarhóll bústaður 65°52.198 N 18°04.631 V
Núverandi íbúðarhús í Nolli (reist 1955) var byggt fast við suðurenda á timburhúsi - framhúsi - sem var syðsta og vestasta húsið í gamla torfbænum. Gamla bæjarstæðið er því undir hlaðinu milli núverandi íbúðarhúss og fjóssins sem stendur norðan við það.

Malarhlað - athafnasvæði heima við bæ. Bærinn stendur á hólbrún framan í allbrattri brekku og myndar hóllinn um 60 m breiðan pall í brekkuna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

SP-063:002 heimild um fjárhús 65°52.256 N 18°04.636 V
"Túnið upp af [Nollarbjargi] er nefnt Bjarg [...]. Sunnan við Bjargið er Húsavöllur, þar voru gömul fjárhús." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin voru efst í gamla túninu, um 90 m NNA af bæjarstæðinu 001, um 50 m vestan við þjóðveginn. Í sléttuðu túni, í allmiklum halla.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Nollur, 1

SP-063:003 heimild um hesthús 65°52.139 N 18°04.619 V
"Túnið upp af [Nollarbjargi] er nefnt Bjarg [...]. Sunnan við Bjargið er Húsavöllur, þar voru gömul fjárhús. Sunnan í er Kinn, sem er í brekkunni ofan við bæinn. Þar sunnar og neðan

Kinnar er Hesthústún." segir í örnefnalýsingu. 110 m beint suður af núverandi íbúðarhúsi, um 15 m norður af nýlegu húsi sem notað er sem hundageymsla, stóð hesthúsið. Það var sléttað undir tún en hússtæðið hefur orðið fyrir raski í sambandi við byggingu hundageymslunnar og er að hluta undir aðkeyrslu að því. Í sléttuðu túni, nú að hluta undir aðkeyrslu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917: Ö-Nollur, 1

SP-063:004 *Merkjagarður* heimild um landamerki

"Syðst á merkjum móti Fagrabæ er gamalt garðlag, Merkjagarður." segir í örnefnalýsingu. Þessi garður er horfinn fyrir löngu að sögn Snæbjarnar Björnssonar en vegurinn liggur yfir þar sem hann hefur verið.

Heimild: Ö-Nollur, 1

SP-063:009 heimild um landamerki

"Utan við [Langhól] er lág, sem er á merkjum móti Þorsteinsstöðum. Þar neðar er nafnlaus gróf í bakkann, og þar neðar er smálækur á merkjum, einnig nafnlaus. Frá sjó og að þessu eru þrjár vörður á merkjum, og er sú efsta þeirra á Kollhól sunnanverðum." segir í örnefnalýsingu. Þessar vörður eru horfnar.

Heimild: Ö-Nollur, 2

SP-063:012 frásögn um öskuhaug 65°52.172 N 18°04.587 V

40-50 m SSA af suðausturhorni núverandi íbúðarhúss var öskuhaugur, um 6 m í þvermál og um 1,5 m hár, reglulegur og kúlulaga. Hann hefur verið sléttaður undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-063:013 túngarður 65°52.268 N 18°04.590 V

Fast austan og ofan við fjárússtæðið 002 er túngarður, um 1 m hár og um 2 m breiður, brattur að utan, 90 m langur. Hann nær frá skurðenda að norðan þar sem hann hefur haft horn og beygt niður til vesturs á sléttan hjallann.

Í túnjaðri efst í brekku, ræktað tún neðan og vestan við en órækt ofan og austan við.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-027 Þorsteinsstaðir, Grýtubakkahreppi

Þorsteinsstaðir er gömul jörð, fyrst getið 1318, eign Laufáskirkju. Í eyði um skeið á seinni hluta 16. aldar. Í eyði frá 1959 og hefur landinu verið skipt milli Nollar, Ystuvíkur og Áshóls.

Heimildamaður: Snæbjörn Björnsson f. 14.5.1917 á Nollu

SP-027:001 *Þorsteinsstaðir* bæjarstæði bústaður 65°52.555 N 18°04.772 V

Bærinn stóð á brekkubrún á breiðum hjalla undir Þorsteinsstaðahóli, 20 m vestan við vegarslóða sem liggur niður á túnin, 40 m vestan við kálgarð, sem enn sést í brekkunni ofan við túnið. Flatur bakki í sléttu túni.

Baðstofa úr timbri var framan í bænum. Bæjarlækurinn - sem nú rennur spölkorn norðan við bæjarstæðið - var leiddur í gegnum bæinn í ranghala. Bæjarstæðið er nú í þeim hluta Þorsteinsstaðalands sem tilheyrir Ystuvík.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

SP-027:002 heimild um hesthús 65°52.586 N 18°04.718 V
"[...] Hesthúsaland [...] var beint niður undan hesthúsinu yst á túni." segir í örnefnalýsingu. Hesthúsið var efst í túninu, í brekkurótum, um 100 m norður af bænum, rétt norður af enda á skurði sem liggur til NNA frá bæjarstæðinu. Sléttað tún.

Þessi staður er í þeim hluta Þorsteinsstaðalands sem tilheyrir Ystuvík.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917: Ö-Þorsteinsstaðir, 1

SP-027:003 heimild um lambhús 65°52.541 N 18°04.672 V
"Kofar voru hér og þar um túnið. Tveir kofar voru upp við hól, annar smiðja en hitt lambakofi." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti var kofi við suðvesturhornið á kálgarði beint upp (austur) af bæjarstæðinu 001. Kálgarðurinn sést enn, en tóftin er alveg horfin. Lambhúsið hefur staðið í brekkunni neðan við kálgarðinn, um 5 m ofan við vegarslóða og um 30 m ofan við bæjarstæðið. Efst í túni, nú órækt í brekkurótum.

Snæbjörn Björnsson á Nolli man eftir þessum kofa og telur að hann hafi verið kindakofi af einhverri tegund, sennilega hrútakofi. Kálgarðurinn ofan við er 17x15 m að utanmáli, veggir 0,6 m háir og um 0,8 m breiðir. Þessi staður er í þeim hluta Þorsteinsstaðalands sem tilheyrir Ystuvík.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917: Ö-Þorsteinsstaðir, 1

SP-027:004 heimild um smiðju 65°52.501 N 18°04.684 V
"Kofar voru hér og þar um túnið. Tveir kofar voru upp við hól, annar smiðja ..." Um 75 m sunnan við lambhúsið 003, 40 m sunnan við girðingu sem nú er á merkjum Ystuvíkur og Nollar, var tóft samkvæmt túnakorti, fast neðan við kálgarð sem þar var, og er hvorttveggja horfið.

Áður í túni, nú í öróktuðum þúfnarima, mjög grösugum, rétt ofan við sléttað tún. Þessi staður er í þeim hluta Þorsteinsstaðalands sem nú tilheyrir Nolli.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Túnakort 1917: Ö-Þorsteinsstaðir, 1

SP-027:005 heimild um fjárhús 65°52.498 N 18°04.608 V
"Sauðakofi [var] suður og upp í túnfætinum." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti var útihús í túninu u.þ.b. beint suður af bæjarstæðinu, um 40 m suðvestur af smiðjunni 004.

Í sléttuðu túni, á breiðum sléttum hjalla sem er heldur hærri en bæjarstæðið. Þessi staður er í þeim hluta Þorsteinsstaðalands sem nú tilheyrir Nolli. Þetta munu hafa verið aðalfjárhús jarðarinnar. Síðustu húsin sem þarna stóðu voru úr timbri og bárujárni, byggð á þessari öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917: Ö-Þorsteinsstaðir, 1

SP-027:007 heimild um vatnsból 65°52.586 N 18°04.738 V
"Lækur er um túnið, nefndur Bæjarlækur, kemur undan hólnum. Þetta var lélegt vatnsból, er stundum þraut, og er svo var við var vatnið sótt í Hesthúsaland, sem var beint niður undan hesthúsinu yst á túni." Bæjarlækurinn var leiddur í gegnum ranghala í bænum en norðan við

bæjarstæðið hafa verið djúlaveitur ofarlega í túninu og þar hafa verið grafnir þéttir skurðir til að ræsa fram túnið. Hesthúsaland hefur verið nyrst í þessu votlendi, skammt neðan (vestan) við hesthúsið 002 en er nú horfin vegna framræslu.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Þorsteinsstaðir, 1

SP-024, Laufás, Grýtubakkahreppi

Laufás er gömul jörð, getið í Íslendingasögum og samtímaheimildum frá 12. öld. Kirkjustaður og prestsetur. Nýbýlið Áshóll var byggt á syðsta hluta jarðarinnar 1955.

Heimildamenn: Bergvin Jóhannsson b. á Áshóli, f. 4.4.1947, b. á Áshóli

sr. Pétur Þórarinsson í Laufási

Ingibjörg Sigurlaugsdóttir í Laufási

Þórarinn Pétursson, b. í Laufási

SP-024:001 Laufás bæjarhóll bústaður 65°53.669 N 18°04.314 V
Torfbær byggður á árunum 1866 til 1870 stendur á bæjarhólnum, milli kirkjunnar og núverandi íbúðarhúss (b. 1935), neðan (vestan) við þjóðveginn. Um 20 m eru milli bæjarins og núverandi íbúðarhúss.

Bærinn stendur á breiðum hól eða stalli neðst í fjallshlíð. Framan við bæinn er nú slétt grasflöt þar sem hlaðið var og eru um 20 m frá stöfnum og að brekkubrún, sem er snarbrött niður að áreyrunum. Aftan (austan og norðaustan) við bæinn er bunga útundan húsunum sem bendir til eldri mannvistarleifa. Framan (vestan) við er hellulögð stétt en þar framan við slétt grasflöt og er þar hestasteinn með járnhring út við brekkubrún. Kirkjan er á sama stalli og bærinn og er malarborinn vegur, 5 m breiður, milli bæjar og kirkjugarðsveggjar. Ofan við bæinn er þjóðvegurinn undir brekkurótum og eru aðeins um 20 m milli bæjar og vegarins.

Gamli tofbærinn í Laufási var tekinn á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 5.6.1948. Ekki þinglýst. Brekkan framundan bænum er að stórum hluta moldarflag, einkum beint vestur af bæjardyrum þar sem rafmagnsstaurar standa í brekkunni, og sjást í því bein og annar úrgangur enda hefur rusli sennilega verið kastað niður af brekkubrúninni um aldir. Núverandi íbúðarhús stendur lægra en bærinn og hefur þar verið aflíðandi brekka niður af bæjarhólnum á Úttúnið. Þessu svæði hefur sennilega verið ýtt til og jafnað þar fyrir til að búa til pall fyrir íbúðarhúsið og garðinn kringum það. Í rofum vestan og norðanundir garðinum sést að undirlagið er mikið rótað.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Skrá um friðlýstar fornleifar.

SP-024:002 kirkja 65°53.626 N 18°04.353 V
Kirkjan í Laufási stendur 17 m sunnan við bæinn (001), en 5 m eru á milli bæjar og grjóthlaðins kirkjugarðsveggjar. Kirkjugarðurinn hefur verið stækkaður til suðurs um 9 m en þar er brún í garðinum og er lægra fyrir sunnan og eingöngu nýlegar grafir á því svæði.

Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og er um hann grjóthlaðinn garður. Nýleg hellustétt er framan við kirkjudyr og að sáluhliði og framan við kirkjugarðsvegginn, en þar framan (vestan) við er malarborið hlað. 10 tré eru í garðinum, flest austan við kirkjuna og mörg stæðileg.

Sunnan við sáluhlið er vesturveggurinn og öll suðurhliðin steyppt undir hleðslugrjóttinu og innan við það. Í kirkjugarðinum eru 2 legsteinar frá 18. öld, annar framan (vestan) við, norðanmegin stéttar, hinn við SA horn. Nokkrir 19. aldar steinar eru austan við kirkjuna. Af túnakorti að dæma hefur garðurinn verið færður út um 5 m til norðurs, auk 9 metranna sem hann hefur verið færður út til suðurs. Á kortinu eru 10 m milli bæjar og garðs en nú er bilið 5 metrar. Á kortinu er garðuinn hinsvegar jafnlangur frá A-V og hann er nú.

Hættumat: hætta vegna líkagraftar

Heimild: Túnakort 1917

SP-024:003 heimild um fjós

65°53.605 N 18°04.371 V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 stóð útihús 3-5 m suðvestan við suðvesturhorn kirkjugarðsins. Garðurinn hefur síðan verið færður út um 9 m til suðurs og er því útihússtæðið um 3 m fyrir vestan syðsta hluta núverandi kirkjugarðsveggjar. Hús þetta mun hafa verið fjós. Malarborið hlað. Fjósið hefur staðið uppi á bæjarhólnum á ská framan við kirkjuna. Sennilega hefur þessi staðsetning ráðist af því að á þessum stað hefur verið einna styst að sækja vatn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917

SP-024:004 *Brekkuhús* heimild um útihús 65°53.777 N 18°04.370 V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús, þar vestar Dilkhús, þá þar vestar Benediktshús. [...] Þar var neðst á brekkubrún Brekkuhús." segir í örnefnalýsingu. Brekkuhús stóðu syðst og vestast útihúsanna á Úttúni, um 80 m norður af kálgarðinum Útgarði (009), fast á brekkubrúninni. Húsið er nú horfið en þar sem það stóð er breið hólbunga í túninu og grjótdreif í hrosshaganum á brekkubrúninni vestan við túnið.

Eystri hluti húsanna hefur lent undir túni (var áður kartöflugarður) en að vestan er hrosshagi og er þar allmikil grjótdreif á um 30 m bili. Troðningar eru í brekkunni á þessum stað og sjást torfleifar í rofbökkunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

SP-024:005 *Benediktshús* heimild um útihús 65°53.791 N 18°04.341 V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús, þar vestar Dilkhús, þá þar vestar Benediktshús. Munnmæli eru, að þar hafi fjármaður hengt sig." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m norður af Brekkuhúsum 004 stóð Benediktshús þar sem nú er norðvesturhornið á Úttúni, um 5 m austan við brekkubrúnina.

Í túnjaðri, ofan við brekkubrún. Var áður kartöflugarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

SP-024:006 *Dilkhús* heimild um fjárhús 65°53.794 N 18°04.325 V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús, þar vestar Dilkhús,..." segir í örnefnalýsingu. Um 40 m austar (og heldur neðar) en Benediktshús 005 stóðu fjárhús kölluð Dilkhús. Þar er nú moldarflag fast norðan við túngirðingu og sér engin merki um húsið. Þessi staður er um 50

m vestan við norðurenda steyptra fjárhúsa sem standa nyrst í Laufástúni. Sléttur völlum, áður tún og þar áður kartöflugarður en nú hrosshagi.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

SP-024:007 *Ærhús* heimild um fjárhús 65°53.797 N 18°04.288 V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús. Vestan og norðan þess var Ærhús,..." segir í örnefnalýsingu. Um 20 m norðaustan við Dilkhús 006 og um 25 m beint vestur af vesturenda á steypu fjárhúsi syðst í Laufástúni, stóðu fjárhús kölluð Ærhús. Engin merki sjást nú um þau. Húsið hefur staðið þar sem nú eru mörk túns og óræktarhaga í kringum núv. fjárhús.

Sléttur völlum, áður tún og mögulega kartöflugarður, en austan við hússtaðið er nú órækt. Í örnefnalýsingu sr. Hermanns Hjartarsonar frá 1925 segir: "Nýhús hét kofi, þar sem Ærhúsin eru nú." og sýnir það að Ærhús hafa staðið fram yfir 1925 og tæplega verið mjög gömul.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4; Ö-LaufásB, 2

SP-024:008 *Garðhús* heimild um fjárhús 65°53.782 N 18°04.219 V

"Efst uppi í Úttúni, upp við garðinn heitir Bekkur. Þar var fjárhús, sem nefnt var Garðhús." segir í örnefnalýsingu. 30-35 m suður af suðausturhorni á hlöðu við fjárhús sem standa syðst í Laufástúni voru útihús kölluð Garðhús. Þessi staður er milli þjóðveggar og túns, um 5 m sunnan við hornið á tungirðingunni. Á þessum stað eru ójöfnur sem gætu verið leifar Garðhúsa, en þau hafa sennilega eyðilagst er núverandi vegur var lagður og gætu leifar þeirra að hluta verið undir vegkantinum.

Áður tún, nú órækt milli túns og vegar, etv. að hluta undir vegi. Nafn húsanna og staðsetning þeirra í túnjaðrinum bendir til að ofan við þau hafi verið túngarður sem nú er væntanlega undir veginum. Þessi staður er í uppnámi vegna fyrirhugaðrar vegagerðar.

Hættumat: mikil hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

SP-024:009 *Útgarður* gerði kálgarður 65°53.713 N 18°04.357 V

"Aðeins sunnar [en Brekkuhús] hét Útgarður, það var kartöflugarður." segir í örnefnalýsingu. Garður þessi er sýndur á túnakorti frá 1917 og sjást hleðslurnar enn vestanmegin í skorningi sem gengur upp til norðurs í Úttúnið af norðanverðum Undirvelli, um 80 m NNV af núverandi íbúðarhúsi.

Garðurinn er byggður í brekku mót ASA og er neðri hluti hans í allmiklum halla. Nú hrosshagi. Garðurinn er grjóthlaðinn og hefur verið allvandað mannvirki. Grjóthleðslur eru bæði að utan og innan en víðast er þó gróið upp á garðinn að innan og er veggurinn um 1 m breiður. Alls er garðurinn 38 m langur og 15 m breiður. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru tveir aðrir kálgarðar í Laufástúni. Suðurgarður var í brekkunni suðvestan við kirkjuna og annar garður var í suðurenda túnsins, sunnan við Hesthúsvöll. Báðir eru nú sléttaðir undir tún.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laufás, 4

SP-024:013 *Pollhús* heimild um býli 65°53.552 N 18°04.548 V

"Pollhús var býli suðvestur frá kirkjunni og kringum það Pollhústún, vestast í því

Pollhúsbakki, sem náði að kvíslinni." segir í örnefnalýsingu. Pollhústún er flötin beint niður af Kirkjuhól, 100-200 m suðvestan við kirkjuna, sunnan við Undirvöll og vestan við Suðurtún og er það nú afmarkað af skurðum að norðan og austan en Bæjarkvísl að vestan og sunnan. Hvergi sér til tófta á þessu svæði.

Sléttar grundir á malareyrum, áður tún en nú hrosshagi. Auk Pollhústúns, sem hefur væntanlega verið í kringum bæinn, minna örnefni Pollhúsmýri, sunnan við Bæjarkvísl og Pollhúshólmi, vestan við Pollhúskvísl, á ítök býlisins.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Ö-Laufás, 3

SB-024:014 *Svarðarmór* mógrafir 65°53.477 N 18°04.553 V
"Sunnan við [Pollhúsbakka] tók við Svarðarmór. Þar er Svarðarlækur, rennsli úr mýrunum, allvatnsmikill og rennur niður í Pollhúskvísl rétt suður af Pollhúsbakka." segir í örnefnalýsingu. Svarðarmór er neðan (vestan) við brekkuna og suðurtúnið, á milli brekkuróta og Grundarinnar, sem er aðeins hærri bakki sunnan og vestan við Pollhúsbakka, á austurbakka Pollhúskvíslar. Svarðarmórinn er því dálítil lægð sem snýr N-S í átt frá Áshóli og að Pollhústúni.

Skurðir liggja nú N-S sithvorumeginn við móinn, annar í brekkurótum en hinn er nýgrafinn, um 80 m vestar. Sá er áag 2 m djúpur og sjást þar 1-1,5 m þykk mólög en allþykkt moldarlega er yfir þeim. Ofarlega í mónum er lurkalag á kafla. Grafirnar hafa snnilega veið austar þar sem moldarlagið ofan á mónum er þynnra. Svarðarmór er nú þurr vegna framræslu og nytjaður sem beitoland. Þar hefur verið skorið torf nýlega en ekki sést móta fyrir gröfum. Eftir mónum endilöngum liggur lágur garður, norðantil sem gæti verið gamall áveitugarður. Svarðarlækur rennur nú í skurðunum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Ö-Laufás, 3

SB-024:017 *Litla-Laufás* heimild um býli 65°53.257 N 18°04.629 V
"Norðan við Vörðuhól var býlið Litla-Laufás (alltaf kallað svo), og upp af Vörðuhól heitir Leiti. Litla-Laufás er syðst og efst í Pollhúsmýri eða suður af Grundinni [...]." segir í örnefnalýsingu. Litla Laufás er neðst í túni sem er neðan við þjóðveginn norðaustur af Áshóli, rétt fyrir ofan (austan) skurð sem gengur til norðurs frá útihúsum nyrst á bæjarstæðinu, um 100 m norðan við þau. Þar sjást steypusteinar á vesturbakka skurðarins en þeir eru úr byggingu sem byrjað var á og aldrei lokið og var rutt niður er sléttað var yfir tóftirnar 1956-57.

Í sléttu túni, skurður fyrir neðan. Túnið og tóftirnar var sléttað með jarðýtu. Ekki eru til nákvæmar lýsingar á þessum tóftum en þær munu ekki hafa verið umfangsmiklar. Hóllinn sem nýbýlið Áshóll er byggt á heitir Vörðuhóll og hefur hnitíð 65°53.137 N 18°04.769 V.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimild: Ö-Laufás, 4

SB-024:019 *Hesthúsvöllur* örnefni hesthús 65°53.512 N 18°04.446 V
"...Hesthúsvöllur [var] syðst og vestast í túni." segir í örnefnalýsingu. Völlurinn er 10-30 m austan við skurð sem er neðan við túnið, og ofan við Svarðarmó, 200-220 m SSV við kirkjuna 002, en ekki verður séð hvar hesthúsið hefur staðið. Í túni, áður kartöflugarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Laufás, 5

SP-024:020 heimild um garðlag

65°53.534 N 18°04.377 V

"...Nollarsláttur [var] syðst í túninu, svo var Hesthúsvöllur syðst og vestast í túni. Gamalt GARÐBROT var þar á milli." Garður þessi - sennilega túngarðsleifar - hefur verið u.þ.b. 60 m VSV af endanum á túngarðinum 048, rúmlega 200 m suður af kirkjunni 002, en nákvæma staðsetningu er ekki hægt að ákvarða. Í túni, áður kartöflugarður.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Ö-Laufás, 5

SP-024:021 heimild um stekk

65°53.646 N 18°04.263 V

"Stekkur var beint austur af bæ norðan við hliðið heim,..." segir í örnefnalýsingu. Þjóðvegurinn liggur nú fast ofan við (eða yfir) hliðið heim að bænum sem hefur verið á móts við bilið milli bæjar og kirkju, 28 m frá næsta húsgafli á bænum, en fast austan við veginn tekur við brött brekka og er þar sneiðingur fyrir vegarslóða. Stekkurinn hefur því verið rétt austan við hliðið en undir brekkunni og er því undir veginum. Var utan túngarðs, rétt ofan við bæ í brekkurótum, nú undir vegi.

hætta vegna vegagerðar

Heimild: Ö-Laufás, 5

SP-024:022 heimild um kvíar

65°53.637 N 18°04.335 V

"Stekkur var beint austur af bæ norðan við hliðið heim, en að vestan við það voru Kvíar." segir í örnefnalýsingu. Hliðið var 28 m austur af næsta húsgafli við bilið milli bæjar og kirkju samkvæmt túnakorti og hefur því lent undir vesturbrún vegarins sem nú er. Kvíarnar hafa að öllum líkindum verið fast við túngarð/túnjaðar að innanverðu, nálægt hliðinu og eru því undir norðurbrún aðkeyrslu að kirkju og bæ. Var í túnjaðri, nú undir vegi.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Ö-Laufás, 5

SP-024:023 heimild um rétt

65°53.607 N 18°04.305 V

"Sunnan við götuna heim var hestarétt." segir í örnefnalýsingu. Réttin hefur verið í bilinu milli kirkjugarðs og túngarðs/túnjaðars, þar sem nú er þjóðvegurinn. Ekkert sér nú til hennar og hefur hún verið sléttuð eða lent undir veginum.

Áður í túni milli kirkjugarðs og túngarðs/túnjaðars vvið götu heim að kirkju og bæ. Nú óræktaður grasblettur með kafgrasi og vegarstæði austan við hann.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Ö-Laufás, 5

SP-024:024 túngarður

65°53.824 N 18°04.218 V

14 m austur af norðausturhorni á nýlegri viðbyggingu norðan við fjárhúsin nyrst í Laufástúni, er endi á grjóthlöðnum garði sem liggur til norðurs eftir afleggjara af þjóðvegi að fjárhúsunum og hefur garðurinn verið skorinn af afleggjaranum. 5-8 m eru frá núverandi vegkanti að garðinum.

Áður í túnjaðri ofan við litla brekku efst í túni, nú óræktarsvæði í kringum fjárhús. Nú sjást um 25 m af garðinum en framhald hans til suðurs hefur lent undir veginum en til norðurs hefur hann varla náð langt og má vera að hornið og norðurhlið garðsins hafi horfið er afleggjarinn að fjárhúsunum var gerður en norðan við hann sést ekkert og eru þaðan aðeins örfáir metrar að brattir brún niður á malareyrarnar. Garðurinn er með stóru grjóti í botninn og

standa mest tvö umför, víðast þó aðeins eitt og er töluvert af smásteinum ofan á og í kring. Mögulegt er að hleðslugrjót hafi verið tekið úr garðinum til notkunar annarsstaðar. Um 5 m sunnan við garðendann eru nokkrir steinar í röð sem eru leifar af framhaldi garðsins til suðurs en þar hefur hann verið skemmdur af veginum eða lent undir honum. Garður þessi er utan túnsins eins og það er sýnt á túnakorti frá 1917.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

SP-024:025 túngarður

65°53.802 N 18°04.191 v

4-5 m vestan við túngarðinn 024 eru leifar af eldri garði sem snýr eins en sést á styttri kafla (alls 12 m) og aðeins sem grjótröð í grasrótinni sem myndar brún inn á túnið og er um 1,5-2 m há brekka frá þessari brún og niður á túnflötinn.

Áður í túnjaðri ofan við litla brekku efst í túni, nú óræktarsvæði í kringum fjárhús. Framhald þessa garðs til suðurs hefur lent undir veginum eins og 024 en af stefnu þeirra má ætla að þeir hafi legið saman er nær dregur bænum. Þessi garður er einnig utan við túnið eins og það var 1917.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

SP-024:026 túngarður

65°53.802 N 18°04.165 V

10 m norðan við norðurenda á nýlegri viðbyggingu við fjárhús nyrst í Laufástúni, niðri á flatanum neðan við garðana 024 og 025, 16 m vestanvið 025, er 36 m langur garður sem nær út að afleggjaranum sem liggur til vesturs út af þjóðvegi og að fjárhúsunum. Áður í túni, nú óræktarsvæði í kringum fjárhús.

Garður þessi er skorinn af vegarslóða norðanmegin og hefur verið skemmdur af fjárhúsbyggingu að sunnan. Hann er sennilega eldri en garðarnir 024 og 025 en allir eru þeir utan túns eins og það var 1917. Bjarni Einarsson lýsti garðinum í vettvangsferð 23.5.1997: "Ca. 20 m VNV af þjóðvegi og 12 m N af skepnuhúsum. Í grasi gróinni brekku. Í haga. Garður. 30 m langur, 1-3 m breiður og 0,3-0,5 m hár. Úr torfi og grjóti. N - endinn endar í malarvegi er liggur frá þjóðveginum. Garðurinn er vel gróinn, eilítið hlykkjóttur í S-enda. Nálægt N-enda er fjárgata í gegn um garðinn. Einstaka steinar sjást í garðinum. Garðurinn er all-forn að sjá!" Álitsgerð um fornleifar, viðh.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Álitsgerð um fornleifar, viðh.

SP-024:028 öskuhaugur

65°53.755 N 18°04.368 V

30-40 m beint norður af norðurenda 009 er rof í brúnina á Húsabrekku ofan við aflanga laut á brúninni. Í rofbakkanum sést allt að 0,4 m þykkt lag af ösku með dýrabeinum, m.a. fiskbeinum, dálitlu af viðarkolum og allmiklu af járngjalli. Torfleifar sjást einnig en ekki eru skýr ummerki um hleðslur en allmikið er þó af grjóti nyrst í lægðinni. Það gæti þó einnig verið komið úr túninu. Á brekkubrún í túnjaðri, nú hrosshagi.

Lagið sést á um 6 m bili í rofbakkanum. Það er sennilega ekki gamalt, gæti verið frá 19. öld eða fyrri hluta þessarar aldar. Til þess bendir vottur af steinkoli og heldur nútímalegir járnþútar. Undir öskunni er melurinn sem túnið er ræktað á.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

SP-024:029 *Timburvallagötur* heimild um leið

65°53.726 N 18°03.652 V

"Frá Leitinu lágu götur á ská upp og yfir Ásinn niður á Álfaflöt [...] þær heita Timburvallagötur." segir í örnefnalýsingu. Timburvallagötur heita göturnar frá Laufáshliði

eða í brekkunni þar fyrir ofan á ská yfir ásinn og á Álfalflöt 044 en þar greinast þær í tvennt og liggja Neðrigötur niður á Stekkjarmó 037 að Rifgerði 036 og kerjum við Kergil 034 en Efrigötur eru uppi á hlíðinni eftir hjallanum sem Álfalflötur er á og liggja fram Skarðið. Bíslóði er nú þar sem göturnar voru frá Þjóðveginum á móts við Laufáskirkju og yfir ásinn en á Álfalflöt ofanverðri sjást grónir götupaldrar, 15-25 paldrar á um 30 m bili. Yfir lyngmóa og mela.

Í örnefnalýsingu sr. Hermanns Hjartarsonar eru göturnar kallaðar Timburgötur. Þar segir svo um götur í Laufáslandi: "Neðan við Reiðgötur fram að Kergili: Timburgötur, lítið eitt ofar. Timburgötur og Reiðgötur skiptast á Neðriásnum. Göturnar neðstu - Neðrigötur - kallað að fara suður með Höllum. (Vegurinn út og upp frá bænum liggur upp á Neðriás og þaðan á Efríásinn.)" Einnig er þar bætt við: "Timburgötur: Gunnar Loftsson hreppstj., Stórugrund, d. 1871, 79 ára, ólst upp í Pálsgerði, sagði sjálfur að [það] hefði verið vinna þeirra bræðra, að höggva skóg upp í hlíðinni. Þá var skógurinn eyddur hið neðra. Síðan skógurinn fluttur heim í Laufás, síðan Timburgötur." Einnig kallað Timburmannagötur. Nú talið tengjast því er timbur var sótt í Skuggabjargaskóg frá Akureyri frostaveturinn 1882.

Heimildir: Ö-Laufás, 5; Ö-LaufásB, 2

SP-024:030 hleðsla

65°53.846 N 18°04.382 V

Um 30 m beint norður af Benediktshúsum 005 er langur rofbakki norðan í hólnum sem er nyrst og vestast á hjallanum, sem Laufásbærinn stendur á, og er sá hóll kallaður Melshorn. Í þessu rofi sjást torfleifar austast, á um 10 sm dýpi, heldur óreglulegar, en 3 m þar vestan við eru greinilegir klömbruhnausar neðarlega í barðinu. Þeir virðast vera í niðurgreftri, sem byrjar á um 30 sm undir yfirborði og sker allþykkt (0,4 sm) gjóskulag, grásvart (H-1300 eða "a"?)

Rofabarð. Slétt grasflöt að ofan, framhald af túni, en hefur þó verið utan við túnið 1917. Á flötinni, aðeins sunnar en barðið hefur verið sturtað skít og heyaþögum og einnig niður brekkuna. Neðan við eru berir melar, leifar af sjávarkambi og þar neðan við taka við eyrar Fnjóskár.

Hættumat: hætta vegna rofs

SP-024:039 gata leið

65°53.975 N 18°03.954 V

"Vestan [Hamars] er Borgargerðishvammur, á ská suðaustur frá Borgargerði. Niður í hvamminn lágu reiðgötur, ..." segir í örnefnalýsingu og ætti að vera suðvestur frá Borgarðgerði. Reiðgötur hafa legið eftir melbrúninni frá laufási til norðausturs og ofan í Borgarðgerðishvamm að sunnan vestantil, með stefnu á ferjustaðinn undir Hamrinum. Reiðgötupaldrar sjást uppi á melnum, sem er gróinn á kafla sunnan við Borgarðgerðishvamm og í melbrekkunni niður í hvamminn hefur myndast dokk eða sneiðingur eftir umferð manna og hesta. Niðri í hvamminum sjálfum sést ekkert en hann er deiglendur.

Á mel, grónum á hluta og sjást paldrarnir þar, heldur blásnir og óreglulegir. Paldrarnir sjást á um 15 m kafla en dokkin í melbrekkunni er um 20 m löng. Hún er 3-4 m breið, sléttari í botninn en brekkan umhverfis og meira gróin. Sennilega náttúruleg dæld sem hefur orðið aðalleiðin niður í hvamminn.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Ö-Laufás, 7

SP-024:040 Ferjustaður heimild um ferju 65°54.115 N 18°03.014 V

"Vestan [Hamars] er Borgargerðishvammur, á ská suðaustur frá Borgargerði. Niður í hvamminn lágu reiðgötur, því þarna var Breiða á ánni. Þar var oft ferjað yfir, þetta var

lögferja (í Borgargerði) og því nefnt við hana Ferjustaður." segir í örnefnalýsingu. Breiða er á ánni beint austur af Hamrinum og mætti þar róa bát yfir en bratt er upp af lendingu norðanmegin. Neðan við þessa breiðu eru flúðir og of grunnt fyrir bát þar til kemur á móts við ferjuhól í Borgargerðislandi (sbr. 026:004), þar er aftur breiða en að vísu aðgrunnt sunnanmegin.

Utan við Hamar eru malareyrar og aðgrunnt allsstaðar sunnanmegin en norðanmegin eru brattar grasbrekkur niður í á uns komið er vel út fyrir Ferjuhól. Sennilegt er að aðstæður hafi breyst oft í tímans rás, einkum að því er varðar landingar sunnanmegin, en þær geta hafa verið allt frá Hamrinum og út á eyrarnar þar sem áin byrjar að skipta sér. Ferjustaður til 1939 að brú var sett á Fnjóská ofar.

Heimild: Ö-Laufás, 7.

SP-024:048 túngarður

65°53.529 N 18°04.340 V

210 m sunnan við kirkjuna og um 7 m neðan (vestan) við þjóðveginn sést bogadregið horn á túngarði efst í túninu. Það kemur undan veginum og liggur síðan 25 m til SSV en hverfur síðan þar sem tún hefur verið sléttað. Þar fyrir neðan sjást þó steinar í röð í grasrótinni og hefur af því að dæma verið horn á garðinum einmitt þar sem hann hverfur. Þar hefur hann þá snúið beint til vesturs og legið niður brekkuna.

Í brekku efst í túni, nú að hluta undir vegi. Garðurinn hefur verið grjóthlaðinn og er rof í hann vestanmegin að sunnanverðu og hefur grjótið hrunið þar niður á túnið. Sennilega framhald 024 og/eða 025.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

SP-025, Miðgerði, Grýtubakkahreppi

Miðgerði er gamalt afbýli frá Laufási, fyrst byggt á seinni hluta 16. aldar. Í eyði frá 1947. Land jarðarinnar tilheyrir nú Ártúni að hálfu og Syðri Grund að hálfu.

Heimildamaður: Sveinn Sigurbjörnsson f. 29.5.1938 í Ártúni.

SP-025:001 *Miðgerði* bæjarhóll bústaður 65°53.955 N 18°03.230 V

Bæjarhóllinn í Miðgerði er 20 m neðan við núverandi þjóðveg, fast sunnan við girðingu efst í túninu, 180-200 m austan við skurð á merkjum milli Miðgerðis og Borgargerðis og um 10 m austan við þriðja þverskurð þaðan frá talið. Þar er óræktarblettur og kerfilsbreiða þar sem kálgarður og trjágarður voru sunnan við bæinn.

Í aflíðandi brekku, nú efst í sléttuðu túni, skammt neðan við þjóðveg. Tún er sléttað upp að bæjarstæðinu og vestantil í því hefur vélskófla tekið um 3x3 m stykki úr en ekki sjást greinilegar mannvistarleifar í sárinu.

Grjót sést hér og þar og nokkrir beinir kantar en að mestu er bæjarstæðið slétt og ekki hægt að greina húsaskipan. Allstór tré hafa verið í garðinum suðaustanvið húin en þau hafa verið söguð niður (sennilega nýlega). Hlaða var efst (nyrst) af bæjarhúsum og stöðvaðist snjóflóðið 1947 við hana.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Túnakort 1917

SP-025:002 heimild um útihús

65°54.006 N 18°03.181 V

"Fjárhús eru ofan við veginn, beint upp af bænum." segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti var útihús 40 m ofan (norðaustan) við bæinn og er þar sléttur pallur í hliðinni og er þar ógreinileg tóft sem snýr þvert á brekkuna.

Á stalli í allbrattri brekku, grösugri, ofan við núverandi tún og ofan við dæld í fjallshlíðina norðvestan við. Tóftin er 10x7 m að utanmáli. Þetta hús tók af í snjóflóði 23. mars 1947, kl. 4 e.h.: "Sópaði það burtu hlöðu, fjárhúsi með 40 fjár og fjórum hestum, rafstöðvarhúsi og herskála með heyi. Af fénu drápust nítján kindur, en hestarnir allir náðust lifandi. Flóðið fór rétt hjá bænum, án þess hann eða nokkurn heimamann sakaði. Bóndinn í Miðgerði hét Aðalbjörn Kristjánsson." Skriðuföll og snjóflóð II, 429

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Miðgerði, Skriðuföll og snjóflóð II, 429

SP-025:003 heimild um útihús 65°53.972 N 18°03.157 Vh

Samkvæmt túnakorti var útihús 20 m suðaustan við 002. Þar er lítill hóll í brekkunni, um 20 m ofan við veginn en engin önnur ummerki um að hús hafi staðið þar.

Á litlum stalli í grösugri brekku, áður tún. Þetta hús tók af í snjóflóði 23. mars 1947, kl. 4 e.h.: "Sópaði það burtu hlöðu, fjárhúsi með 40 fjár og fjórum hestum, rafstöðvarhúsi og herskála með heyi. Af fénu drápust nítján kindur, en hestarnir allir náðust lifandi."

Skriðuföll og snjóflóð II, 429.

Hættumat: engin hætta

heimildir: Túnakort 1917; Skriðuföll og snjóflóð II, 429

SP-025:004 á Kofanum bæjarstæði/útihús 65°53.959 N 18°03.141 V

Um 60 m austur af 001, um 15 m austan skurðar sem skiptir hlutum Ártúns og Syðri grundar í Miðgerðislandi, er bunga efst í túninu og er þar gamalt bæjarstæði Miðgerðis, sem tók af í snjóflóði 1772, en seinna stóð þar útihús og var kallað "á Kofanum". Þessi staður er 20-40 m neðan við núverandi þjóðveg.

Slétt tún. Samkvæmt prestþjónustubók Laufáss tók snjóflóðið 23. nóvember 1772 bæinn í Miðgerði gersamlega, og bæði hús og kvikfénað, og fórust fjórir menn en tveir komust af

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Skriðuföll og snjóflóð II, 224

SP-026 Borgargerði, Grýtubakkahreppi

Borgargerði er gamalt afbýli frá Laufási, fyrst byggt á seinni hluta 16. aldar. Í eyði frá 1962. Land jarðarinnar tilheyrir nú Ártúni.

Heimildamaður: Sveinn Sigurbjörnsson f. 29.5.1938 í Ártúni.

SP-026:001 Borgargerði bæjarhóll bústaður 65°54.152 N 18°03.775 V

Gamli torfbærinn í Borgargerði stóð sunnan og austan við núverandi íbúðarhús (steinhús byggt um 1930, ekki lengur haldið við), en það stendur austanundir Borgargerðishól, í túninu rúmlega 100 m sunnan við núverandi þjóðveg. Norðan við húsið er moldarflag og sést þar í grjót en ekki þó hleðslur en annars er slétt í kring.

Á brekkubrún í sléttu túni og er mjög bratt niður af þar sem hlaðið hefur verið.

Steinhúsið var byggt áfast við torfbæinn sem var austan við og náði einnig lengra í norður.

Eftir að bærinn var rifinn stóð lengi hlaða norðan við steinhúsið og hefur hún verið vestasta

húsið í bænum. Er bæjarstæðið var sléttað var rofunum rutt niður brekkuna og eru þar ójöfnur og ýmiskonar drasl á flatanum neðan við brekkuna. Sneiðingur liggur til vesturs niður Borgargerðishól frá hlaðinu í Borgargerði og hefur verið leiðin niður að ferjustaðnum. Bjarni Einarsson lýsti staðnum í vettvangsathugun 23.5.1997: "SA í háum hól í fjallshlíð. Ca. 80 m NA við Fnjóská og ca. 70 m við Þjóðveg. Í túni. Bæjarstæði. Svæðið allt er mjög sléttað og ekki sér móta fyrir neinum rústum, nema efst á hólnum NV við steinsteypt bæjarhúsið, sem enn stendur. NA við háan hólinn áður nefndan með rústabrotunum er lægri hóll sem mjög líklega geymir mannvistarleifar. Niður frá bæjarstæðinu í vestur gengur gata eða stígur í átt að ánni. Liggur hún skáhallt niður snarbrattann hallann. Ef til vill tengist stígurinn ferjulegunni. Borgargerði er byggt úr heimalandi Laufáss. Síðasta íbúðarhúsið var byggt á árunum 1930-35." Álitsgerð um fornleifar, viðh.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimild: Túnakort 1917; Álitsgerð um fornleifar, viðh.

SP-026:002 *Gerðatún* heimild um útihús 65°54.263 N 18°03.776 V

"Túnið kringum fjárhúsin úti á Velli heitir Gerðatún. Þar er sagt, að bærinn hafi eitt sinn staðið." Um 180 m norðvestur af bæjarstæðinu 001 og um 40 m norðvestan við skurð sem liggur niður túnið vestan við bæinn, fast við vegkant á núverandi þjóðvegi, 35-40 m suðaustur af slóða inn á túnið, stóðu fjárhús í Gerðatúni.

Túnið hefur verið sléttað og hefur stærsti hluti hússins horfið undir það en hluti þess (hlaðan) hefur lent undir veginum og má greina þúst, sem mun vera leifar hlöðuveggjar, sem gengur um 2 m undan vegkantinum.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Borgargerði, 1

SP-026:003 *Álfasteinn* frásögn um huldufólksbústað 65°54.169 N 18°03.807 V

Tæplega 50 m norðvestur af íbúðarhúsi í Borgargerði er stór, stakur, jarðfastur steinn, kallaður Álfasteinn og á þar að vera mikil álfabyggð.

Nú á óslegnum beltti norðan undir Borgargerðishól en áður hefur tún verið slegið alveg að þessum steini. Tveir minni steinar eru 5 m suðaustan við. Steinninn er um 2x2 í grunninn og um 1,8 m hár. Bjarni Einarsson lýsti steini þessum í vettvangsathugun 23.5.1997: "N undir háum hól í fjallsrótum, ca. 40 m N frá bæjarstæði Borgargerðis. Í haga/túni. Álfasteinn. Jarðfastur steinn, ca. 2 x 2 m stór og 1,5 m hár. Í kring um steininn eru nokkrir minni steinar sem hafa komið til í seinni tíð. Sveinn bóndi þekkir engin munnmæli um steininn, önnur en aðgát skyldi höfð í nærveru hans." Álitsgerð um fornleifar, viðh.

Hættumat: engin hætta

Heimild: Álitsgerð um fornleifar, viðh.

SP-026:004 *Ferjuhóll* tóft 65°54.150 N 18°03.918 V

"Hóllinn niður við á, heitir neðst í túni, Ferjuhóll,..." segir í örnefnalýsingu. Ferjuhóll er heldur vestar en beint suður af íbúðarhúsi í Borgargerði. Hann er aðeins hærri en árbakkinn sunnanvið en vestanvið sveigir áin til norðurs og þannig myndast þarna lítill höfði. Óregluleg tóft eða gerði er uppi á hólnum nyrst og vestast og var ferjan dregin upp og geymd á þessum stað.

Tóftin er fast á brekkubrún. Allstór hvilft uppi á hól og eru norðaustur og suðaustur hliðar greinilegar hleðslur. Mjög bratt er niður af suðvestan og norðvestan. Á þessum stað

var ferjan geymd er hún var dregin upp á bakkann. Ferjuhylur er beint vestan við og þar eru hleinur undir hólnum sem hægt hefur verið að lenda við. Hinumegin eru sléttar eyrar sbr. SP-024:040. Bjarni Einarsson lýsti tóftinni í vettvangsathugun 23.5.1997: "Á dálitlu klettanefi niður við Fnjóská, vestur af bæjarstæði Borgargerðis og nokkrum metrum norðan við álagablettinn [sbr. SP-026:005]. Í haga. Rúst. Hringlaga, ca. 11 m í þvermál. Veggir úr torfi og grjóti, 2 m á breidd og 0,2 – 0,5 m á hæð. Einstaka steinar sjást í veggjum og á gólfi. Engar dyr sjáanlegar. rústin er vel gróin grasi. Skv. Sveini í ártúni var áður fyrr ferja á þessum slóðum. Verið getur að rústin hafi verið hestarétt? Í Jarðabók stendur að hreppamannaflutningur hafi verið torsóttur yfir Fnjóská (1943:25)." Álitsgerð um fornleifar, viðh.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Borgargerði, 1; Álitsgerð um fornleifar.

SP-026:005 *Álagahvammur* álagablettur 65°54.142 N 18°03.846 V
"Neðan við Ferjuhól er Álagahvammur [...] Álagahvammur er niður við ána. Eitt sinn sló Þormóður þar og gaf gemlingum. Þeir hurfu." segir í örnefnalýsingu. Neðan við Ferjuhól er enginn eiginlegur hvammur heldur aðeins brött brekka, graslítil. Um 30 m ofan við er hinsvegar hvammur en lækur rennur í ána austantil í honum.

Grösugur hvammur á árbakka, neðan við tún. Rof er efst í hvamminum austantil. Sveinn Sigurbjörnsson bóndi í Ártúni telur sig hafa sannreynt að á þessum hvammi séu álög, því í tvígang hefur hann slegið þar og í annað sinnið valt dráttarvél og í hitt brunnu fjárhús í Ártúni haustið eftir. Bjarni Einarsson lýsti staðnum í vettvangsathugun 23.5.1997: "Niður við Fnjóská í dálitilli hvilft austan við klettanef og beint vestur af bæjarstæði Borgargerðis. Í haga. Álagablettur. Ekki er hægt að segja með vissu hve stór bletturinn hefur verið (er). Líklega er um mjög þýft svæði að ræða sem stingur mjög í stúf við sléttu túnið. Skv. sveini Sigurbjörnssyni, bónda í Ártúni, mátti ekki hreyfa við blettinum án þess að óhapp ætti sér stað. hann kvaðst sjálfur hafa látið reyna á þetta tvívegis. Í fyrra sinni valt hjá honum heybindivél og í síðara skiptið brann eitt húsa hans. Sveinn bóndi sagði að sumir teldu að álagabletturinn hafi staðið heldur utar við ána, hinum megin við hringlaga rúst [sbr. SP-026:004]. bæði vissi hann að svo hefði ekki verið og reynsla hans hafi sýnt fram á annað." Álitsgerð um fornleifar, viðh.

Hættumat: hætta vegna vegagerðar

Heimild: Ö-Borgargerði, 2

5. Kafli. *Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar*

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á framkvæmdasvæðinu og næsta nágrenni þess eru a.m.k. 48 staðir sem teljast fornleifar samkvæmt lögbundinni skilgreiningu þar um og eru því friðhelgir. Ljóst er að margir þessara staða eru ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri staðir leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði. Í eftirfarandi umfjöllun er því bæði greint frá þekktum stöðum sem fyrirsjáanlegt er að verði í uppnámi vegna framkvæmdanna og einnig lagt mat á líkur á því að fornleifar komi í ljós.

Miðað er við þær upplýsingar sem Vegagerðin á Akureyri lét FSÍ í té um fyrirhugað vegarstæði í lok júlí 1998.

Væntanleg uppbygging Grenivíkurvegar hefst syðst í landi Nollar. Þar sem vegurinn liggur um land Fagrabæjar mun vera búið að hækka veginn og á aðeins eftir að leggja bundið slitlag á hann. Það svæði var ekki athugað á vettvangi 1998. Vegurinn fylgir núverandi veglínu fyrir Nollsklif þar til á móts við bæjarstæði Nollar. Undir Nollsklifi er ekki vitað um neinar minjar og líkur á þeim verða að teljast litlar. Við bæjarstæði Nollar er gamalt **öskuhaugsstæði** (SP-063 :012) í túninu í brekkurótum 50 m suðaustan við íbúðarhúsið á Nollu og er það á mörkum þess svæðis sem gert er ráð fyrir að lendi undir uppfyllingu. Öskuhaugurinn sjálfur hefur verið sléttaður en mögulegt er að neðstu hlutar hans séu enn undir grasrót. Heldur norðar en á móts við Nollarbæinn liggur hin nýja veglína heldur vestar en núverandi vegarstæði og fer þar um 10 m frá **túngarði** (SP-063 :013) og 15 m frá **fjárhússtæði** (SP-063 :002) og þarf að hafa aðgát á meðan á framkvæmdum stendur að þessar minjar verði ekki fyrir raski. Á bilinu 3800 til 4100 (sbr. kort 1/8 rá VA) nemur brún uppfyllingarinnar við efri mörk hins gamal túns á Nollu en í gömlum tünnum eru mestar líkur á að finna fornar minjar og þarf að fara þar að með gát. Fyrirhugaðar sneiðingar ofan við veginn á móts við Noll eru hinsvegar í brattlendi þar sem afar litlar líkur eru á að fornminjar leynist. Hin nýja veglína norðan við Noll liggur um lítt gróið land og mela og er litlar líkur á að þar leynist fornleifar. Á slíkum stöðum er helst að heiðin kuml komi í ljós, en líkur til þess geta ekki talist meiri en í meðallagi á þessu svæði. Þó verður að hafa gát við skeringar á svæðinu frá því á móts við Noll og norður fyrir Þorsteinsstaðahól.

Bæjarstæði Þorsteinsstaða er nú sléttað undir tún en þar eru þó miklar fornleifar undir sverði og lenda sumar þeirra undir eða við hinn nýja veg. **Smiðja** (SP-027 :004) var efst og syðst í túninu, um 40 m sunnan við hlið á vegarslóða að Ystuvíkurtúnnum, og er hún við brún á uppfyllingu hins nýja vegar. **Lambhús** (SP-027 :003) sem stóð við suðvesturhorn á **kálgarði** sem enn sér stað í hlíðinni, lendir undir uppfyllingunni og kálgarðurinn hverfur einnig undir veginn sjálfan miðað við fyrirliggjandi áætlanir. Elsta heimild um þennan kálgarð er frá 1917 þannig að ekki er víst að hann teljist til fornleifa í skilningi þjóðminjalaga en mögulegt er að hann sé eldri og njóti því verndunar. **Þorsteinsstaðabærinn** (SP-027 :001) stóð á flatanum vestan við kálgarð þennan, 20-30 m frá væntanlegri vegbrún og verður að fara með gát á þessu svæði á meðan á framkvæmdum stendur. Um 100 m norðar var **hesthús** (SP-027 :002) efst í túninu og er það 5 m frá væntanlegum vegkanti. Á bilinu

4400 til 4700 er nemur vegkanturinn við efri brún hins gamla Þorsteinsstaðtúns og á þar sama við og um Noll á þar eru miklar líkur á fornum minjum og ber að takamrka jarðrask þar sem mest.

Fyrir landi Áshóls er hin nýji vegur fyrst á nýju vegarstæði (norðan í Þorsteinsstaðahól) en fer síðan upp á núverandi veg sem verður hækkaður. Það fer saman á þessu svæði að rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda verður væntanlega lítið og að lítið er um fornleifar. Ekki er vitað um neinn minjastað í nágrenni vegarins á svæðinu frá suðurmerkjum Áshóls og norður að Laufástúnunum sunnan við bæinn í Laufási. Eins og áður sagði væri helst að vænta kumla á Þorsteinsstaðahóli en að öðru leyti liggur veguinn um móa þar sem litlar líkur eru á fornum minjum allt þar til komið er á móts við Laufásbæ. Um 200 m sunnan við kirkjuna í Laufási voru suðurmörk á hinu forna Laufástúni en það var girt með **túngarði**, og sjást leifar hans (SP-024 :048) enn koma undan veginum á þessum stað og er það suðausturhorn garðsins en suðurhliðin hefur verið sléttuð við túnrækt. Af garðbrotinu sem gengur undan veginum sést að garðurinn hefur verið mikið mannvirki og væri mikilsvert að fá nánari vitneskju um aldur hans og gerð áður en hann hverfur enn frekar undir veginn eins og fyrirsjánlegt er. Núverandi vegur hefur verið lagður ofan á endilanga austurhlið túngarðsins og er ekki vitað hvort garðurinn er meira eða minna ónýtur eða hvort vegefnið var einfaldlega lagt ofan á hann og hann sé því óskemmdur undir veginum. Af túngarðsendum þeim sem ganga undan veginum við norðausturhorn túnsins að ráða þá hefur garðurinn verið skemmdur eða jafnvel alveg tekinn burt við fyrri vegarlagningu. Hlið var á túngarðinum á móts við bilið milli bæjar og kirkju í Laufási – á sama stað og enn er aðkeyrslan að bænum – og var **rétt** (SP-024 :023) sunnan við hliðið milli túngarðsins og kirkjugarðsveggjarins. Hún hefur sennilega verið hestarétt fyrir kirkjugesti og hefur staðið í krikanum milli núverandi vegar og heimkeyrslunnar. Ekki er gert ráð fyrir frekari fyllingu á þessum stað en réttarstæðið gæti að hluta verið undir núverandi vegstæðum. Norðan við hliðið voru **kvíar** (SP-024 :022) innan við túngarðinn og **stekkur** (SP-024 :021) utan við hann, milli garðsins og brekkuróta. Kvíarnar hafa lent undir fyllingu meðfram heimkeyrslunni og eru undir krikanum á milli hennar og þjóðvegarins en stekkurinn er undir veginum sjálfum og verður ekki ákvarðað að hversu miklu leyti þessar minjar hafa skemmst við fyrri vegalagningu en ólíklegt er að þær verði fyrir meira hnjaski við fyrirhugaðar framkvæmdir. Gegnt heimkeyrslunni að Laufásbænum er gert ráð fyrir skeringu þar sem nú er vegarslóði upp brekkuna. Sá slóði er á sama stað og **Timburvallagötur** (SP-024 :029) lágu áður fyrr en það var ein aðalleiðin fram

eftir skarðinu til Skuggabjarga og mun einkum hafa verið notuð af þeim sem fóru til kolagerðar í Laufásskarði. Núverandi bíslóði hefur eyðilagt þá götupaldra sem þarna hafa verið en paldrar sjást enn uppi á ásnum hjá Álfaflöt (SP-024 :044). Um 30 m sunnan við fjárhús sem stendur neðan við veginn nyrst í Laufástúni, er gamalt útihússtæði. Þar voru fjárhús, kölluð **Garðhús** (SP-024 :008), sennilega af því að þau voru byggð nálægt eða jafnvel upp við túngarðinn. Þetta útihússtæði er undir kantinum á núverandi vegi og mun hyljast enn frekar við fyrirhugaðar framkvæmdir. Á móts við norðurendann á áðurnefndu fjárhúsi er fyrirhugað að breyta veglínunni þannig að í stað þess að beygja til austurs fyrir Ásinn og inn með Fnjóská haldi vegurinn beint áfram norður eftir melbrúninni og fari yfir Fnóská á brú við Hamar. Þar sem hin nýja veglína beygir frá núverandi vegarstæði norðaustan við fjárhúsin er grjóthlaðinn **túngarðsendi** (SP-024 :024). Þetta garðlag er hinn endinn á garðinum sem áður var minnst á og kemur undan veginum sunnan við Laufás. Á þessum stað hefur hann eingöngu verið úr grjóti og hefur garðstæðið verið fært a.m.k. í tvígang, því tveir aðrir **túngarðar** samhliða þessum (SP-024 :025 og SP-024 :026) eru skammt vestan við hann. Sá vestasti, um 20 m frá væntanlegum vegkanti, er þeirra ellilegastur. Allir þessir garðar hafa verið skemmdir af aðkeyrslu að fjárhúsunum sem liggur af núverandi vegi norðan við þá. Þessir stúfar eru mikilsverðar heimildir um búskap í Laufási á fyrri öldum og er mikilsvert að ekki verði hróflað við þeim eða þeir huldur frekar en orðið er.

Hin nýja veglína vestan í Ásnum, milli fjárhússins og væntanlegs brúarstæðis á Hamri, liggur yfir gróðurlitla mela og eru litlar líkur á að þar leynist fornar minjar. Að einhverju leyti er þó hið nýja vegarstæði á sama stað og hin gamla þjóðleið að ferjustað undir Hamri á Fnjóská en ekki sjást þó merki um troðninga eða paldra í sjálfu vegarstæðinu en leiðin hefur legið með melbrúninni, sem, þegar utar er komið, er talsvert vestar en veglínán. Þar sem veglínán fer yfir Borgargerðishvamm austanverðan sjást **reiðgötur** og skorningur í melbrekkunni niður í hvamminn um 70 m vestar (SP-024 :039).

Norðan við Fnjóská er brúarsporðurinn í Borgargerðislandi og verður vegurinn færður niður brekkuna 60-80 m frá árbakkanum. Til austurs liggur hinn nýi vegur um úthaga í Borgargerðislandi þar sem ekki er vitað um neinar minjar og síðan í sveig upp á núverandi vegarstæði um úthaga og tún í Miðgerðislandi. Ekki var fullákveðið hvar vegurinn skyldi liggja upp á núverandi veg er vettvangsathugun var gerð en þeir tveir möguleikar sem helst komu til greina eru báðir ískyggilega nálægt fornum minjum. **Bæjarstæði Miðgerðis**, (SP-

025 :001) þar sem búið var frá 1772 til 1947 er 180-200 m austan við landamerki Brogarðgerðis (nú Ártún) og Miðgerðis (nú Syðri Grund) og um 20 m sunnan við núverandi veg. Önnur hugmynd um hið nýja vegarstæði gerir ráð fyrir að vegurinn frá nýju brúnni liggi upp á núverandi veg fast ofan við bæjarstæðið þannig að það myndi hyljast að hluta. 50 m austan við þetta bæjarstæði er annað og eldra **bæjarstæði** þar sem bærinn stóð þar til hann tók af í snjóflóði 1772 (SP-025 :004). Það var á seinni tímum kallað « á Kofanum » enda mun hafa staðið þar útihús sem þó hefur verið aflagt um síðustu aldamót. Hin syðri af tveimur mögulegum veglínunum myndi taka af þessu bæjarstæði því gert er ráð fyrir skeringu í það sunnanvert. Á þessum stað eru tvímælalaust merkar minjar sem geyma upplýsingar um upphaf búsetu í Smálöndum Laufásstaðar á 16. öld og hugsanlega vísbendingar um hvers eðlis gerðið hefur verið sem bærinn var byggður á. Þessi álitamál eru mjög mikilsverð fyrir íslenska byggðasögu og er brýnt að þessi staður verði ekki fyrir hnjaski.

Þar sem hin nýi vegur liggur til norðvesturs frá brúarsporðinum fer hann um graslendi sem var engi neðan við tún í Borgargerði. Þar er ekki vitað um minjar en í jafnvel grónu landi má ávalt búast við að fornminjar geti leynst. Hin nýja veglína er á palli undir Borgargerðishól sem er mjög brattur og er bæjarstæðið uppi á honum og ætti því ekki að stafa hætta af yfirvofandi framkvæmdum. Bærinn var jafnaður við jörðu á fjórða áratug þessarar aldar og rofunum rutt niður brekkuna og sjást þar í brekkurótum merki um rask auk þess sem ýmisskonar drasl hefur orðið eftir þar. Reiknað er með skeringu í Borgargerðishól og er óhjákvæmilegt að fyrir framan bæjarstæðið (sunnanvert við steinhúsið sem enn stendur) séu **öskuhaugar** í brekkunni undir rofum gamla bæjarins. Þó að ekki sé um eiginleg mannvirki að ræða þá geta öskuhaugar geymt ómetanlegar heimildir um sögu og lífnaðarhætti fortíðarinnar og þyrfti að fara fram athugun á þessum stað áður en eitthvað verður tekið úr hlíð hólsins. **Álagahvammur** (SP-026 :005) heitir á Fnjóskárbakka allnokkru sunnan við fyrirhugað vegarstæði. Að vísu eru áhöld um hvort hvammurinn telst vera austan eða vestan við Ferjuhól en hvort sem er, á honum ekki að vera hætta búin af fyrirhuguðum framkvæmdum. Sama er að segja um **tóft á Ferjuhóli** (SP-026 :004) sem er rúmlega 40 m sunnan við fyrirhugaðan vegkant fast á brún hólsins við Fnjóská. Norðvestan við Borgargerði liggur hin nýja veglína í sveig yfir túnið og upp á núverandi vegarstæði skammt austan við Ártún. Þar er gert ráð fyrir allmikilli skeringu vestast í svokölluðu Gerðatúni, sem var vestasti hluti Borgargerðistúns. Þar var **fjárhús** (SP-026 :002) fram á þessa öld, sem að hluta lenti undir núverandi vegi en ætti ekki að vera í hættu af yfirvofandi framkvæmdum.

Þar sem þetta svæði hefur verið tún um langan aldur verður hinsvegar að reikna með þeim möguleika að fornar minjar geti leynst undir sverði.

6. kafli. Tillaga um aðgerðir

Að heimildakönnun lokinni og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að nokkrar fornleifar lenda í eða nærri fyrirhuguðu vegarstæði og eru í uppnámi af þeim sökum. Þessar minjar eru tveir öskuhaugar, fimm útihús, fimm túngarðar, rétt, kvíar, stekkur og tvö bæjarstæði. Þar fyrir utan eru ýmiskonar minjar í næsta nágrenni við veglínuna sem taka verður tillit til á meðan á framkvæmdum stendur, að þær spillist ekki við umferð vinnuvéla. Ekki eru fordæmi fyrir því að minjar af því tagi sem lenda undir eða við vegarstæðið á Grenivíkurvegi hafi verið verndaðar sérstaklega, hinsvegar eru þær hluti af minjaheild svæðisins og heimildir um búsetu og búskaparhætti í héraðinu fyrir á tímum. Ljóst er að miðað við fyrirbyggjandi tillögur um vegaframkvæmdir á svæðinu þyrfti aðeins lítt hluti af þeim minjum sem í uppnámi teljast að víkja en flestar myndu hyljast af uppfyllingu að meira eða minna leyti. Í þjóðminjalögum er tekið fram að ekki megi hylja fornminjar frekar en raska þeim eða eyðileggja og verður því að leyta umsagnar Þjóðminjasafns um þetta efni.

Lagt er til að Vegagerðin fari þess á leit við þjóðminjavörð að efirtaldar minjar verði huldar með uppfyllingu þannig að tryggt sé að þær verði ekki fyrir neinu raski að öðru leyti: öskuhaugar SP-063:012, smiðjustæði SP-027:004, lambhússtæði og kálgarður SP-027:003, túngarður SP-024:048 og SP-024:024, réttarstæði SP-024:023, kvíastæði SP-024:022, stekkjastæði SP-024:021 og útihússtæði SP-024:008.

Nauðsynlegt er að gerðar verði minniháttar kannanir á öskuhaug SP-063:012 og túngörðum SP-024:024-026 og SP-024:048 til að athuga aldur þeirra og gerð áður en þeir hverfa undir fyllingu.

Lagt er til að veglína verði endurhönnuð þannig að hún sé a.m.k. 20 m frá bæði eldra og yngra bæjarstæði Miðgerðis (SP-025:001 og SP-025:004). Að öðrum kosti þarf að gera fullkomna fornleifarannsókn á þeim staðnum sem verður í veglínunni.

Lagt er til að gerði verði takmörkuð fornleifarannsókn í suðurhlið Borgargerðishóls til að ganga úr skugga um hvort þar séu öskuhaugar og fjarlægja þá áður en framkvæmdir

hefjast. Annar kostur væri að færa veglínuna þannig að skeringar verði ekki þörf á þessum stað.

Þá er lagt til að fornleifafræðingur verði fenginn til að fylgjast með vinnu við skeringar milli Nollar og Áshóls og undir Borgargerðishól.

7. kafli. Niðurlag

Hér í skýrslulok er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi, engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að engin hættu sé á að minjar finnist þar síðar. Þó miðar í þá átt að unnt verði að gera markvissa fornleifaleit í þágu framkvæmda á borð við vegagerð.

Við vettvangsrannsókn kom fram að nokkrir minjastaðir lenda í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er lögð fram tillaga að því hvernig bregðast skuli við. Er það ný og merk reynsla fyrir fornleifafræðinga að takast á við þann vanda að leggja til hvort og þá hvernig minjum skuli fórnað í þágu framkvæmda. Ofangreindar tillögur eru viðleitni til þess að fylgja ströngum minjaverndarsjónarmiðum í anda þjóðminjalaga, en jafnframt á þann hátt að tilhögun og framvinda verksins verði viðunandi fyrir framkvæmdaaðila sem og fornleifavörslu.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Þjóðminjasafn Íslands

Bjarni F. Einarsson: Álitsgerð um fornleifar. Vettvangsferð að fyrirhuguðum brúar- og vegaf framkvæmdum á Grenivíkurvegi við Fnjóská. [1997]

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild. Grýtubakkahreppur, túnakort.

Örnefnastofnun

Ö-Borgargerði: Örnefnalýsing Borgargerðis, Ari Gíslason skráði.

Ö-Laufás: Örnefnalýsing Laufáss. Kristján Eldjárn skráði.

Ö-LaufásB. Örnefnalýsing Laufáss. sr. Hermann Hjartarson skráði 1925.

Ö-Miðgerði. Örnefnalýsing Miðgerðis. Björn Árnason skráði.

Ö-Nollur. Örnefnalýsing Nollar. Ari Gíslason skráði.

Ö-Þorsteinsstaðir: Örnefnalýsing Þorsteinsstaða. Ari Gíslason skráði.

Prentaðar heimildir:


BBSÞ: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Ólafur Jónsson: *Skriðuföll og snjóflóð* I-II, Ak. 1957.

SSÞ: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Rv. 1994.



Nollur

mörk túns 1917

hesthús SP-063 :003

bæjarstæði SP-063 :001

öskuhaugur SP-063 :012

fjárhús SP-063 :002

túngarður SP-063 :013

ný veglína

núverandi vegur

1 :2000

mörk túns 1917

Þorsteinsstaðir

bæjarstæði SP-027 :001

fjárhús SP-027 :005

smiðja SP-027 :004

lambhús SP-027 :003

kálgarður


Hesthúslind SP-027 :007

hesthús SP-027 :002

ný veglína

núverandi vegur

1:2000



Póllustúni Sp-024:013

Stæurtún

mörk túns 1917

Undirvöllur

öskuhaugur

Laufás

bæjarstæði
Sp-024:001

kirkja
Sp-024:002

kviar
Sp-024:002

Suðurgarður
Sp-024:003

stæki
Sp-024:021

Timburvallagötur Sp-024:029

líkm annalaut

Úlgarður Sp-024:009

öskuhaugur Sp-024:028

Brekkuhus Sp-024:004

Ærhus Sp-024:007

Garðhus Sp-024:008

Úttún


Úngarður Sp-024:024


Sp-024:026

Sp-024:025

1 : 2000

Miðgerði





Gerðatún

fjárhús
SP-026 :002

ný veglína

Borgargerði

mörk túns 1917

Álfasteinn SP-026 :003

bæjarstæði SP-026 :001

núverandi vegur

Leyninga

tóft SP-026 :004

Ferjuhóll

Alagahvammur
SP-026 :005

Ferjuhylur

Borgargerðishólmi

Laufáshólmar

F n j ó s k á

1 : 2000